

Íslands, að sé skuld innheimt með málssókn, koma málflutningslaun í stað innheimtulauna.

Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 10 000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dráttur á uppsögn hans stafar af embættisönnum.

D ó m s o r ð :

Framangreindum kröfum í framhaldssök er vísað frá dómi, en málskostnaður falli niður í henni.

Stefndi, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði in solidum stefnanda N. C. Monberg A/S danskar krónur 43 180.83 með 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags og islenskar krónur 10 000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1948.

Nr. 52/1947. **Guðjón H. Sæmundsson**

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Jóhönnu Pálmadóttur**

(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Húsaleigumál. Sératkvæði.

**Dómur hæstaréttar**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúa borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí f. á. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Svo krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Fyrir húsaleigunefnd og fógetadómi byggði áfrýjandi kröfu sína um, að stefndi viki úr íbúð þeirri, er hún hefur í húsi áfrýjanda, á þeim atvikum, er nú verða rakin í höfuðatriðum.

1) Hinn 17. maí 1946 var fyrir húsaleigunefnd mál áfrýjanda gegn stefnda, þar sem áfrýjandi krafðist þess, að stefndi yrði á brott úr íbúð sinni vegna framkomu hennar gagnvart öðrum leigjendum, einkum hjónunum Guðlaugi Ketilssyni og Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur. Í skjali, er stefndi þá lagði fram sér til varnar, bar hún það m. a. á áfrýjanda, að hann reyndi með „aðkeyptu liði (Guðlaugs Ketilssonar og konu hans svo og Ragnars Björnssonar)“ að flæma hana úr íbúðinni. Í meiðyrðamáli áfrýjanda gegn stefnda var henni með bæjarþingsdómi 2. nóvember 1946 gert að greiða 100 króna sekt og meinyrðin ómerkt. Ummæli stefnda voru að vísu óviðurkvæmleg, en þegar litið er til þess, að þau eru sett fram í sambandi við það, að stefndi var borin fyrrgreindum sökum, þykir hún eigi með þeim, eins og á stóð, hafa unnið til útburðar. Þá hafði stefndi í sama skjali meiðandi ummæli um konu Guðlaugs Ketilssonar, sambýliskonu sína. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1947 var stefnda dæmt að greiða 100 króna sekt vegna þeirra meinyrða og þau ómerkt. Þar sem útburðarkrafan á hendur stefnda virðist hafa byggzt á kæru þeirra hjóna, Guðlaugs Ketilssonar og konu hans, verður ekki talið, að stefndi hafi, eins og ástátt var, fyrirgert leigurétti sínum með þessum meinyrðum.

2) Þá er krafizt útburðar stefnda vegna framkomu hennar og manns hennar, Jóns verkfræðings Ísleifssonar, gagnvart leigutökunum Guðlaugi Ketilssyni og konu hans 20. og 26. desember 1946 og 17. janúar 1947.

Að kvöldi dags hinn 20. desember 1946 var stefndi og sambýliskona hennar staddar í hinu sameiginlega eldhúsi þeirra. Urðu þær þá ósáttar. Kom þar þá að maður stefnda, Jón Ísleifsson, er var að kom í heimsókn. Telja þau hjónin Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir og Guðlaugur Ketilsson, að Jón hafi barið Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur tvö eða þrjú högg á vinstri öxl og að lokum danglað í andlit henni, svo sem nánar er lýst í úrskurði fógeta. Erla Sigurðardóttir, unglingsstúlka, er var á vegum Guðlaugs Ketilssonar og konu hans, hefur staðfest framburð þeirra hjóna í megin atriðum, en viðurkennir þó að hafa sagt lögreglumönnum, er stefndi

kvaddi á vettvang út af útburðum þessum, að Jón hefði stjakað eða ýtt við Jóhönnu Sigríði. Jón Ísleifsson skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi einungis lagt hönd á öxl Jóhönnu Sigríðar og beðið hana að vera rólega. Stefndi og dóttir þeirra Jóns, Sigrún, hafa staðfest þessa skýrslu hans. Þar sem framburði Guðlaugs og konu hans hefur verið mótmælt sem röngum og óstaðfestum og skýrslur sjónarvotta eru svo andstæðar, sem nú var lýst, verður ekki talið sannað, að nein þau atvik hafi gerzt þessu sinni, er varða skuli stefnda útburði.

Þá er Jón Ísleifsson sakaður um það, að hann hafi hinn 17. janúar 1947 hrint hurð á Jóhönnu Sigríði og hún hlotið af því m. a. mar og eymsli í handlegg. Eigi hafa verið færðar sönnur á sakburð þenna gegn eindregnum mótmælum Jóns.

Enn er Jón Ísleifsson borinn þeim sökum, að hann hafi hinn 26. desember 1946, er hann var staddur í anddyri íbúðar stefnda, veizt þar að Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur með skammaryrðum. Eigi þykja atvik að þessum skiptum þeirra Jóns og Jóhönnu Sigríðar svo í ljós leidd, að varðað geti stefnda ábyrgð.

Loks hafa verið lögð fram nokkur vottorð um hávaða og óviðurkvæmilega hegðun stefnda, einkum söng í íbúð sinni. Sum þessara vottorða eru um atvik, er eiga að hafa gerzt, eftir að úrskurður í málinu gekk í héraði, og geta þau því ekki komið til álita hér. Þá þykir útburður eigi heldur verða reistur á vætti Ragnars Björnssonar og unnustu hans, en þau telja sig, hvort í sínu lagi, hafa orðið vör lítilsvirðingar af hálfu stefnda í þeirra garð og sambýlishjónanna Guðlaugs Ketilssonar og konu hans á árunum 1943—1945. Ragnar bjó í einu herbergi umræddrar íbúðar. En á því herbergi átti stefndi raunverulegan rétt, og hlaut af því óvild milli hennar og Ragnars.

Af hendi stefnda hafa verið lögð fram nokkur vottorð. Eru sum þeirra frá sambýlisfólki hennar, þar sem hún hefur búið áður, svo og frá sambýlisfólki hennar í húsi áfrýjanda. Er stefnda í vottorðum þessum borið hið bezta orð um góða framkomu.

Áfrýjandi og kona hans, sem búa í sama húsi og stefndi,

hafa fyrir dómi borið, að þau hafi ekki orðið fyrir ónáði vegna hávaða af völdum stefnda. Hins vegar hafi þau haft óþægindi af klögumálum út af ósamkomulagi stefnda og sambýlisfólks hennar.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með vísan til forsendna fógetaúrskurðarins, þykir ekki verða staðhæft, að stefndi hafi unnið til útburðar. Ber því að staðfesta synjun fógeta um framkvæmd útburðar þess, sem krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir fógetarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

#### Sératkvæði hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí 1947, gerir þær dómkröfur, að úrskurður fógetaréttarins verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að máli þessu var áfrýjað til hæstaréttar, hefur ýmissa gagna verið aflað af báðum aðiljum og nýjar vitnaleiðslur farið fram.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, var stefndi þann 2. nóv. 1946 dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur til refsingar samkvæmt 235. gr. hegningarlaganna fyrir illmæli um áfrýjanda í skjali, er stefndi hafði lagt fram í ágreiningsmáli aðilja, sem rekið var fyrir húsaleigunefnd. Var þar m. a. borið á áfrýjanda, að hann hefði reynt „með aðkeyptu liði“

að flæma stefnda úr íbúð hans, og að hann „hundelti“ stefnda „með málaferlum og allra handa álygum“. Voru ummæli þessi ekki réttlætt á nokkurn hátt. Þykir áfrýjandi ekki hafa glatað rétti til að bera þetta fyrir sig, þótt nokkur tími væri liðinn frá því að illmæli þessi komu fram, er máli því, sem hér liggur fyrir, var hrundið af stað.

Þá er það leitt í ljós, að ósamlyndi er orðið svo magnað á milli stefnda og samleigjanda hans, Guðlaugar Ketilssonar og konu hans, að til mikilla óþæginda er fyrir áfrýjanda. Hníga gögn málsins mjög í þá átt, að stefndi eigi megin-sök á þeim illdeilum. Er þess fyrst að geta, að í skjali því, er áður greinir, hafði stefndi m. a. borið það á konu samleigjanda síns, að hún væri „ótrúlega ósvifin“, að hún hefði notað „svívirðileg orð, sem stöppuðu nærri ógnunum“, að hún mundi fá „einhverslags borgun“ fyrir að reyna að flæma stefnda úr íbúðinni og að „þetta fólk“, sem hún einnig kallar hið „leigða fólk“, þ. e. konan og maður hennar, sé „ginnit á glapstigu heimskunnar í kröfum sínum“. Var stefndi á bæjarþingi Reykjavíkur þann 19. marz 1947 dæmdur til refsingar samkvæmt fyrrgreindri hegningarlagagrein fyrir þessi og ýmis fleiri illmæli um sambýliskonu sína, þar eð stefnda tókst ekki að réttlæta hin átöldu ummæli.

Þann 20. desember 1946 lenti í sennu milli stefnda og fyrrgreindrar sambýliskonu hennar. Meðan á sennu þessari stóð, kom eiginmaður stefnda þar að. Þau hjónin hafa slitið samvistir, en þó er maðurinn tíður gestur á heimili konu sinnar og hafði, a. m. k. á þessu tímabili, lykil að íbúðinni. Hlutadist hann til um deilurnar, og verður að telja næjanlega sannað, sérstaklega með eiðfestum framburði vitnisins Erlu Sigurðardóttur og viðurkenningu mannsins fyrir lögregluþjónum, sem þau hjónin kvöddu sjálf á vettvang, að hann hafi þá blakað hendi við sambýliskonu stefnda, þótt ekki hlytust meiðsl af. Þykir stefndi verða að bera ábyrgð á þessu, þar eð hún hafði heimilað manni sínum frjálstan aðgang að íbúð sinni og gerði a. m. k. ekkert til að hindra framan- greinda móðgun hans í garð sambýliskonu hennar.

Þá hefur kona áfrýjanda borið fyrir rétti og áfrýjandi staðfest það í aðiljaskýrslu sinni, að á annan dag jóla 1946

hafi sami maður viðurkennt fyrir þeim, að hafa þá kallað sambýlisfólk stefnda „leigubý“. Verður ekki séð, að stefndi né maður hennar hafi mótmælt þessari skýrslu.

Loks virðist mega ráða það af framburði nokkurra vitna, að stefndi hafi oft að kvöldlagi sungið ýmsa tvíræða kvíðlinga í íbúð sinni, sem sambýlisfólk hennar mátti ætla, að beint væri að því. Óglögg er, hvenær flest af þessu hefur gerzt, og þykir því ekki öruggt að byggja dóm í máli því, er hér liggur fyrir, á þessu atriði.

En þegar litið er til annars þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að stefndi hafi hagað sér þannig, að áfrýjanda sé verulega óþægilegt að hafa hana í húsi sínu, og hefur hún þess vegna fyrirgert leigurétti sínum, sbr. 2. gr. laga nr. 39/1943. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 1200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og ber fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er.

Stefndi Jóhanna Pálmadóttir greiði áfrýjanda Guðjóni H. Sæmundssyni samtals 1200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 28. maí 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 14. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10 C, krafizt þess, að gerðarþoli Jóhanna Pálmadóttir verði borin út úr húsnæði því, sem hún hefur undanfarið haft á leigu í húsi hans, nr. 10 C við Tjarnargötu hér í bæ.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Á 3. hæð hússins nr. 10 C við Tjarnargötu hefur gerðarþoli Jóhanna Pálmadóttir á leigu 2 herbergi og eldhúsafnot að hálfu móti

Guðlaugi Ketilssyni, sem býr á sömu hæð. — Á 2. hæð hússins býr gerðarbeiðandi Guðjón Sæmundsson.

Með bréfi til fúgetaréttar Reykjavíkur, dags. 19. marz s. l., krefst gerðarbeiðandi útburðar á gerðarþola, og byggist útburðarkrafan á ótilhlýðilegri framkomu, er gerðarbeiðandi kveður gerðarþola hafa sýnt bæði sér og fólki á sínum vegum. — Gerðarbeiðandi hafði lagt atriði þessi undir úrskurð húsaleigunefndar, svo sem lög gera ráð fyrir, og úrskurður nefndarinnar féll hinn 15. marz s. l. á þá leið, að gerðarþola bæri að rýma húsnæði sitt.

Málsástæður og atvikalýsing af hálfu gerðarbeiðanda eru á þessa leið:

Fyrir liggur dómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 2. nóv. 1946, þar sem gerðarþoli er dæmd í 100 kr. sekt í ríkissjóð, en til vara í 4 daga varðhald, fyrir illmæli um gerðarbeiðanda, sem fram höfðu komið í skjali, er lagt var fram í húsaleigunefnd hinn 17. maí 1946. Voru illmælin auk þess ómerkt og gerðarþola gert að greiða kr. 150.00 í málskostnað. Málskostnaður þessi var greiddur hinn 21. desember 1946. Auk þess liggur fyrir sams konar dómur bæjarþingsins, þar sem gerðarþoli hlýtur sömu viðurlög og sama málskostnað að greiða vegna ummæla um Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur, konu áðurnefnds Guðlaugs Ketilssonar, sem fram komu í sama húsaleigunefndarmáli hinn 17. maí 1946. Sjá um þessa dóma rskj. 5 og 7.

Á grundvelli dóma þessara krefst gerðarbeiðandi, að gerðarþoli verið borin út úr húsnæði sínu, þar sem bæði sér og leigjanda sínum, Guðlaugi Ketilssyni, séu veruleg óþægindi að veru gerðarþola í húsinu, sbr. 2. gr. húsaleigulaga.

Þá skýrir gerðarbeiðandi svo frá, og er frásögn hans eingöngu byggð á skýrslu Guðlaugs Ketilssonar og konu hans, að kvöldið 20. desember 1946 hafi gerðarþoli gerzt næsta heimarík í eldhúsinu, sem hún og áðurnefnd Jóhanna Sigríður hafa sameiginleg afnot af. Hafi gerðarþoli rutt þar til ýmsum búshlutum, er Jóhanna Sigríður hafi lagt þar á eldhúsborð, og að auk ráðizt að Jóhönnu Sigríði með skömmum. Litlu síðar hafi maður gerðarþola, Jón Ísleifsson, komið inn í eldhúsið og ráðizt að Jóhönnu Sigríði með hinu illskulegasta orðbragði og slegið hana 3 allmikil högg á vinstri öxl, svo hún hrasaði við. Guðlaugur Ketilsson hafi verið þarna staddur, svo og Erla nokkur Sigurðardóttir, og er Jóhanna Sigríður hafi nefnt þau votta að þessum aðförum Jóns Ísleifssonar, hafi Jón ráðizt að Guðlaugi og slegið hann flötum lófa á öxlina. Að lokum hafi Jón svo slegið til þeirra hjónanna á vixl og hafi eitt höggið hitt Jóhönnu Sigríði í andlitið. Hafi þá Jóhanna Sigríður farið niður og hitt þar konu húseiganda og kvartað yfir framkomu Jóns við sig, en farið svo upp aftur, en þá hafi Jón rekið hana út úr eldhúsinu og hrint á hana hurðinni, svo hún meiddist á úlnlið hægri handar.

Vitnið Erla Sigurðardóttir skýrir frá atburðum mjög á sama hátt og að framan er lýst og hefur hún unnið eið að framburði sínum.

Þá hnigur framburður Guðlaugs Ketilssonar einnig í sömu átt. Kveður hann, að Jón Ísleifsson hafi slegið Jóhönnu Sigríði þungt högg á öxlina með hálfkrepptum hnefa og annað högg með flötum lófa á sama stað. Eftir þetta hafi Jón danglað eða fálmað utan í hana, bæði í öxlina og andlit. Þá hafi Jón einnig slegið sig tvisvar á öxlina með flötum lófa. Guðlaugur kveðst einnig hafa séð, er Jón skellti eldhúshurðinni á Jóhönnu Sigríði.

Þá skýrir Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir svo frá, að hún hafi verið stödd í eldhúsinu eftir hádegi hinn 17. janúar s. l., og unnið þar að uppþvotti. Gerðarþoli hafi einnig verið í eldhúsinu. Hafi Jón Ísleifsson þá komið skyndilega í gættina og hrundið hurðinni upp. Kveðst Jóhanna Sigríður hafa orðið fyrir hurðinni og meiðst á hægri handlegg. Hefur verið lagt fram um meiðsli þessi vottorð Þórarins Sveinssonar lækni, sjá rskj. 5.

Vegna framanritaðs atferlis gerðarþola og fólks á hennar vegum við Guðlaug Ketilsson og konu hans, krefst gerðarbeiðandi þess, að gerðarþoli verði borin út úr húsnæði hennar.

Gerðarþoli skýrir mjög á annan veg frá málavöxtum og kveður frásögn Guðlaugs Ketilssonar og konu hans og Erlu Sigurðardóttur alranga að flestu leyti. Gerðarþoli kveðst hafa verið stödd í eldhúsi kl. 8 að kveldi hins 20. desember 1946, og hafi þá Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir komið inn og tekið handtösku gerðarþola, er lá á eldhúsborði, og fleygt henni út í horn. Gerðarþoli kveðst hafa tekið töskuna upp og látið hana aftur á borðið, en þá hafi Jóhanna Sigríður hrópað á mann sinn, Guðlaug, og Erlu Sigurðardóttur, og beðið þau að kalla á húseiganda. Í því hafi maður gerðarþola, Jón Ísleifsson, komið inn í eldhúsið og beðið Jóhönnu Sigríði að vera rólega og lagt hönd lauslega á öxl henni. Hafi þá Jóhanna Sigríður hrópað upp, að Jón legði hönd á sig, og hlaupið niður í íbúð húseiganda, en bráðlega komið upp aftur og farið þá inn í eldhúsið. Hafi Jón Ísleifsson, sem stóð á ganginum utan við eldhúsið, látið eldhúsdyrnar aftur, en þá hafi Jóhanna Sigríður æpt upp yfir sig og sagt, að Jón hafi snúið upp á hendina á sér. Hafi hún svo stokkið niður í annað sinn.

Meðan Jóhanna Sigríður var nú niðri hjá húseiganda, afréð gerðarþoli að kalla á lögregluna og lækni, til að hafa áreiðanleg vitni, þar sem Jóhann Sigríður taldi sig meidda. Þegar læknir var kominn, neitaði Jóhann Sigríður samt sem áður að láta hann skoða sig. Gerðarþoli kveðst þá hafa spurt greinda Erlu Sigurðardóttur, hvort hún hefði séð Jón Ísleifsson berja Jóhönnu Sigríði, en Erla hafi svarað, að hann hefði stjakað við henni.

Þá skýrir gerðarþoli svo frá, að Jón Ísleifsson hafi lagt höndina á öxl Guðlaugi Ketilssyni á sama hátt og á öxl konu hans, og spurt

Guðlaug, hvort hann kallaði þetta að berja. Hafi Guðlaugur svarað, að hann teldi það ekki beinlínis.

Jón Ísleifsson skýrir frá málavöxtum mjög á sama hátt og gerðarþoli. Hann neitar því auk þess algerlega, að hafa nokkru sinni hrundið hurð á Jóhönnu Sigríði. — Þess skal getið, að þau Jón og gerðarþoli hafa slitið samvistum, en eru ei skilin að lögum. Hins vegar hefur Jón undanfarið komið mjög oft að kvöldlagi til að heimsækja konu sína og dóttur þeirra, sem þar býr einnig.

Framburður Sigrúnar Jónsdóttur, dóttur gerðarþola, hnígur í sömu átt og framburður gerðarþola og Jóns Ísleifssonar.

Hannes Guðmundsson læknir, sem samkvæmt ósk gerðarþola kom á vettvang hinn 20. desember s. l., hefur gefið vottorð um það, að Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir hafi sagt sér, að hún væri ekki meidd, og færðist undan lækni skoðun. Lögregluþjónarnir Sigurður Þorsteinsson og Sigurbjörn Björnsson, sem staddir voru í íbúð gerðarþola um leið og læknirinn, staðfesta frásögn hans. Þá skýra þeir einnig svo frá, að gerðarþoli hafi spurt stúlku, sem þarna var stödd, og mun þar átt við framangreinda Erlu Sigurðardóttur, hvort hún hefði séð Jón Ísleifsson berja Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur, en stúlkan hafi þá sagt, að Jón hafi stjakað við henni.

Það er nú á ýmsan hátt sýnilegt af því, sem liggur fyrir í málinu, að mikið ósamkomulag hefur verið ríkjandi milli Guðlaugs Ketilssonar og þó sérstaklega konu hans og gerðarþola. Er ekki upplýst um orsakir að því ósamlyndi.

Svo langt leið milli þess, að skjal það, er hafði inni að halda hin meiðandi ummæli um gerðarbeiðanda, var lagt fram í húsaleigunefnd, og þar til útburðarmál var höfðað á grundvelli þess, að ekki virðist unnt að byggja útburðarúrskurð á hendur gerðarþola á þeim ummælum.

Um atburði þá, er áttu sér stað hinn 20. desember 1946, er þess að geta, að ekki verður sagt neitt ákveðið um það, hvernig þær róstur hófust, né hvers eðlis þær voru, því skýrslur aðilja og annarra viðstaddra stangast mjög um það atriði. Þykir því ekki unnt að byggja útburð á gerðarþola á því atriði.

Gegn ákveðnum mótmælum Jóns Ísleifssonar þykir ei sannað, að hann hafi hrundið hurð á Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur hinn 17. janúar s. l. Verður útburður því ekki byggður á því atriði.

Verður því að synja um hina umbeðnu útburðargerð, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Samning og uppsaga úrskurðar þessa hefur dregizt vegna mikils annríkis fógeta.

#### Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.